

Stjórn MN skorar á sveitarfélög að styðja vel við rekstur skíðasvæða.
Skíðasvæði gegna mikilvægu hlutverki í vетraferðapjónustu.

Aðdráttarafl Norðurlands er meðal annars sérstaða í þjónustu tengdri skíðum og skapa skíðasvæði afleiddar tekjur hjá mörgum fyrirtækjum.

Ef aðstæður leyfa geta skíðasvæði veitt mikilvæga viðspyrnu á komandi mánuðum.

1. Skíðasvæði eru mikilvægir seglar í ferðapjónustu.

Með því að hlúa vel að skíðasvæðum þá skapast afleiddar tekjur við sölu á annarri þjónustu eins og t.d. veitingum, gistingu og böðum.

2. Nýjar lyftur skapa eftirsprung og nú þegar hefur verið kynnt opnun á nýrri lyftu í Tindastól og í Hlíðarfjalli.

Ef töf verður á opnun nýrrar lyftu í Hlíðarfjalli, getur það haft verulegar afleiðingar fyrir sölu og markaðssetningu á svæðinu.

3. Síðastliðin ár hafa vörur skíðasvæðanna meðal annars verið margra daga passar.

Fólk hefur getað nýtt þessa daga að vild, sem ýtir undir að fólk komi oftari en einu sinni á skíði yfir veturinn.

Ef þetta fyrirkomulag breytist getur það leitt til færri ferða á hvern einstakling sem skilar mun minni afleiddum tekjum.

4. Opnunartími skíðasvæðanna þarf að vera rúmur á tínum sem þessum.

Mikilvægt er að viðskiptavinir geti valið sér þann tíma sem þeir nýta á skíðasvæðum. Þetta hjálpar við skipulag og veitir svigrúm í ákvörðunartöku við val á áfangastað.

5. Skíðasvæði eru stórar og mikilvægar fjárfestingar.

Mikilvægt er að greina afleiddar tekjur og gæði sem skíðasvæði veita áfangastöðum, til þess að styðja betur undir ímynd og rekstur skíðasvæða.

Viðskiptavinir sem ferðast á þessum árstíma eru mikilvægir og geta verið verðmætari en þeir sem ferðast yfir sumartímann, sem er háönn erlendra ferðamanna.

6. Sögulegur áhugi á skíðaferðum norður í land:

Gefur til kynna að tækifæri í vetrarferðapjónustu eru mikil samanborið við aðra áfangastaði. Til þess að nýta þá innviði sem eru til staðar þá eru skíðasvæðin í lykilstöðu til þess að veita viðspyrnu til fyrirtækja í ferðapjónustu á annars þungum mánuðum.